

KV 2025-01

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Handbók um Stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 2025

*Ingibjörg G. Jónsdóttir, Hjalti Karlsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson,
Klara B. Jakobsdóttir og Valur Bogason*



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókná- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Handbók um stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 2025

Höfundar Ingibjörg G. Jónsdóttir, Hjalti Karlsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Klara B. Jakobsdóttir, Valur Bogason

Verkefnisstjóri Ingibjörg G. Jónsdóttir

Samþykkt af Jónas P. Jónasson

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer KV 2025-01

Dagsetning 20. febrúar 2025 **Dreifing** Opin

Fjöldi síðna 54 **Verknúmer** 9113

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Handbók þessi lýsir framkvæmd rannsóknaverkefnisins ‚Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum‘ sem fer fram í marsmánuði á hverju ári. Í handbókinni er nákvæmlega lýst fyrirhugaðri framkvæmd verkefnisins í mars 2025, m.a. umfangi gagnasöfnunar, hvernig safna eigi líffræðilegum upplýsingum, skráningu mælinga, veiðarfæri og veiðiaðferðum. Einnig eru fyriræli um það hvernig aðferðum skuli beitt við tog og gefnar nákvæmar staðsetningar og aðrar upplýsingar um togstöðvar. Þá eru í handbókinni stutt yfirlit yfir sögu verkefnisins.

Lykilorð: Handbók, stofnmæling botnfiska, SMB, Íslandsmið, mars.

Efnisyfirlit

1 Saga verkefnisins	1
2 Gagnasöfnun	3
2.1 Undirbúningur	3
2.2 Tegundagreining	3
2.3 Lengdarmæling og talning	3
2.3.1 Lengdarmæling og talning fiska	3
2.3.2 Lengdarmæling og talning annarra hópa	5
2.4 Kvarnasöfnun og vigtun	6
2.4.1 Kvarnasöfnun – allur aflinn mældur	8
2.4.2 Kvarnasöfnun – hluti aflans mældur	8
2.5 Fæðugreining	8
2.5.1 Tegundir og umfang	8
2.5.2 Aðferðir og skráning fæðu	8
2.6 Söfnun erfðasýna úr skötusel, stórkjöftu og keilu	10
2.7 Skráning á drasli	11
2.8 Skráning gagna	11
2.9 Söfnun og frysting fiska	11
2.9.1 Óviss greining	11
2.9.2 Rauða sævesla, ljóskjafra eða bletta	12
2.9.3 Söfnun á mjórum	12
2.10 Mengunarsýni	13
2.10.1 Söfnun á þorski vegna mælinga á mengandi efnun (AMSUM)	13
2.10.2 Vöktun á óæskilegum efnun í matfiski	14
3 Upplýsingar um stöð	15
3.1 Stöðvaupplýsingar	15
3.2 Togupplýsingar	15
3.3 Umhverfispættir	16
3.4 Síritandi hitamælar og kvörðun á mælum skips	17
3.5 Aflestur upplýsinga frá <i>Scanmar/Marport</i>	17
3.6 Gæðaeftirlit leiðangursstjóra	18
4 Togstöðvar	19
4.1 Veiðitilhögun	19
4.2 Stöðvar	21
4.3 Stöðvar – rannsóknaskip	22
4.4 Stöðvar – Þórunn Sveinsdóttir	30

4.5	Stöðvar – Breki	35
4.6	Aukastöðvar í útköntum til að afmarka útbreiðslu þorsks	40
5	Veiðarfæri	41
5.1	Lýsing á veiðarfæri	41
5.2	Stöðlun veiðarfæris	47
5.3	Listi yfir varastykki	47
5.4	Tillegg Hafrannsóknastofnunar og útgerðar varðandi veiðarfæri og búnað	48
5.5	Frágangur veiðarfæris eftir leiðangur.....	48
	Viðauki 1: Skip, netaverkstæði og tengiliðir	49

1 Saga verkefnisins


Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum (SMB) hófst árið 1985 og hefur farið fram á hverju ári síðan. Markmið verkefnisins hefur frá upphafi verið að meta stærð, ástand og útbreiðslu botnlægra fiskistofna og treysta þannig vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnunar. SMB hefur í dag mikið vægi í stofnmæling og veiðiráðgjöf fyrir þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, steinbít, hlýra, keilu, löngu, skötusel, hrognkelsi, tindaskötu og margar tegundir flatfiska. Einnig fást upplýsingar um útbreiðslu margra annarra tegunda fiska og botndýra og hitastig sjávar.

Annað upphaflegt markmið verkefnisins var að auka samskipti við aðila í sjávarútvegi. Mikil undirbúningsvinna fiskifræðinga og skipstjóra lá að baki verkefninu við staðsetningu stöðva, val á skipum og veiðarfæri og hafa þessir þættir í aðalatriðum verið óbreyttir frá byrjun.

Rannsóknasvæðið er landgrunn Íslands niður á 500 m dýpi og er því skipt í Norðursvæði og Suðursvæði (sjá mynd). Við ákvörðun á dreifingu togstöðva var rannsóknasvæðinu skipt í 10 skika og stöðvum dreift á þá út frá áætluðum þéttleika þorsks. Stöðvum í hverjum tilkynningaskyldureit var síðan skipt jafnt á milli skipstjórnarmanna og fiskifræðinga. Staðsetning stöðva fiskifræðinga var ákveðin með tilviljunarkenndum hætti sem einn staðarákvörðunarpunktur og tugið síðar útfært nánar af skipstjórum. Hinn helming stöðvanna staðsettu skipstjórar út frá reynslu sinni af fiskveiðum.

Fjöldi stöðva var í upphafi um 590 en fyrstu árin fór þeim fækkandi því erfitt reyndist að toga á sumum svæðum. Árið 1993 var bætt við 30 togum á grunnslóð umhverfis landið í samráði við skipstjóra (tognúmer 31-33). Árið 1996 var stöðvum fækkað um 72 til að minnka kostnað við verkefnið; teknar voru út 24 stöðvar á Íslands-Færeyjahrygg, 17 stöðvar á grunnslóð á Norðursvæði, auk stöðva á Norðursvæði sem ekki voru teknar í öllum leiðöngrum 1985-1995. Vegna vaxandi þorskgengdar á Íslands-Færeyjahrygg voru stöðvar á því svæði aftur teknar inn sem fastar stöðvar árin 2004-2005. Vegna ábendinga vinnuhóps um stofnmælingar var föstum stöðvum fjölgað árin 2008 og 2009 (tognúmer 35-38). Í ár er stefnt að 580 föstum togstöðvum, líkt og verið hefur frá 2009.

Árin 1985-1995 voru fimm togarar leigðir til verkefnisins, árin 1996-2006 voru þeir fjórir og árin 2007-2013 þrír auk rannsóknaskipa (sjá töflu). Frá árinu 2014 hafa tveir togarar og tvö rannsóknaskip séð um gagnasöfnun og svo verður einnig í ár; togararnir Breki VE og Þórunn Sveinsdóttir VE og rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Þórunn Þórðardóttir.



Athafnasvæði skipa í SMB 2025 og skipting í norðursvæði (grátt) og suðursvæði (hvítt).

Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum 2025

Skip / Skipaskránumer	Arnar HU-1 / 1307	Barði NK-120 / 1976	Bjartur NK-121 / 1278	Breki VE-61 / 1459	Breki VE-61 / 2861	Brettingur NS-50 / 1279	Drangey SK-1 / 1276	Gnúpur GK-11 / 1579	Gullver NS-12 / 1661	Hjalteyrin EA-306 / 1476	Hoffell SU-70 / 1275	Jón Vídalín VE-82 (ÁR-1) / 1275 ¹⁾	Ljósafell SU-70 / 1277	Ólafur Bekkur ÓF-2 / 1281	Múlalberg ÓF-32 (SI-22) / 1281 ¹⁾	Páll Pálsson ÍS-102 / 1274	Rauðinúpur PH-160 / 1280	Vestmannaey VE-54 / 1273	Bjarni Sæmundsson RE-30 / 1131	Árni Friðriksson RE-200 / 2350	Þórunn Sveinsdóttir VE	Þórunn Þórðardóttir HF
1985	N						NA				S, A					NV		S				
1986	N					NA							A			NV		S				
1987	N					NA							A				NV	S				
1988	N		NA										A	S			NV					
1989	N		NA								A						NV	S				
1990	N		NA										A				NV	S				
1991	N		NA							A							NV	SV				
1992	N		NA									A					NV	SV				
1993			NA			SV				SA					V		N					
1994			NA			SA									V		N	SV				
1995			NA			SA									V		N	SV				
1996						S							A		V		N					
1997			A			S									V		N					
1998			A			N					S				V		N					
1999			A			N									V		S					
2000			N									S	A			V						
2001				S		N						V ²⁾	A								V ²⁾	
2002			N			A							S			V ²⁾					V ²⁾	
2003			N	V ³⁾		A							S			V ³⁾						
2004			N			A							S			V						
2005			N ⁴⁾			A							S			V			N ⁴⁾			
2006			N ⁴⁾			A							S			V			N ⁴⁾			
2007			N, NA										S ²⁾			V			N	S ²⁾ , A		
2008			N, NA										S			V			N	V ⁵⁾		
2009			N, NA ⁶⁾										S			V			N	N, A ⁶⁾		
2010			N, NA									NV	S, SA						N	SV		
2011			N, NA									NV	S, SA						N	SV		
2012			N, NA									NV	S, SA						N	SV		
2013			N, NA									NV	S, SA						N	SV		
2014												NA, A	S, SA						N, NV	V		
2015			A, NA										S, SV						N	NV		
2016			A, NA										S, SV						N	NV		
2017		A, NA											S, SV						N	NV		
2018										A, NA			S, SV						N	V, NV		
2019													S, SV		A, NA				N	V, NV		
2020								S, SV							A, NA				N	V, NV		
2021					S, SV				A, NA										N	V, NV		
2022					S, SV				A, NA										N	V, NV		
2023					S, SV				A, NA										N	V, NV		
2024					S, SV				A, NA										N	V, NV		
2025					S, SV															V, NV, N	A, NA	V, NV, N

¹⁾ Hoffell og Jón Vídalín eru sama skipið. Ólafur Bekkur og Múlalberg eru sama skipið.

²⁾ Árin 2001, 2002 og 2007 var samanburður gerður á r/s Árna Friðrikssyni og togurum á Vestur- og Suðursvæði.

³⁾ Árið 2003 voru tveir togarar á V-svæði í þeim tilgangi að fá samanburð milli tveggja sambærilegra skipa.

⁴⁾ Árin 2005 og 2006 var samanburður gerður á r/s Bjarna Sæmundssyni og togaranum Bjarti NK á Norðursvæði.

⁵⁾ Árið 2008 tók r/s Árni Friðriksson eingöngu aukastöðvar á Vestursvæði.

⁶⁾ Árið 2009 tók r/s Árni Friðriksson stöðvar á A og N-miðum og samanburður gerður á Árna og togaranum Bjarti NK.

2 Gagnasöfnun

2.1 Undirbúningur

Áður en haldið er úr höfn þarf að gæta að því að öll rannsóknatæki og verkfæri séu meðferðis og í lagi, stilla upp vinnuaðstöðu og tengja og prufukeyra vogir, tölvur og samskiptatæki.

Athuga þarf vel hvort smáir fiskar geti á einhvern hátt tapast úr fiskmóttöku eða af færiböndum. Leiðangursstjóri gengur úr skugga um, ásamt skipverjum, að veiðarfæri séu skv. samþykktri teikningu og að nauðsynleg mælitæki skipsins séu til staðar og í lagi.

2.2 Tegundagreining

Um greiningu fiska vísast til bókarinnar „Íslenskir fiskar“ (Gunnar Jónsson & Jónbjörn Pálsson 2013) og handbókarinnar „Greiningar á tegundum, kynþroska og fæðu“.

ALMENN REGLA: Fágætir fiskar og fiskar sem ekki er unnt að greina til tegundar með óyggjandi hætti, skulu frystir og fluttir í land.


2.3 Lengdarmæling og talning

2.3.1 Lengdarmæling og talning fiska

ÓFRÁVÍKJANLEG REGLA ER AÐ MÆLA SKAL EITTHVAÐ AF HVERRI TEGUND Á HVERRI STÖÐ.

Mælt er að næsta heila cm á mælubretti þar sem fyrsta lengdarbil er hálfur cm. **Langflestar tegundir** eru mældar frá trjónu aftur á sporðenda (heildarlengd) og gildir það einnig fyrir **háfa** og **skötur**. **Geirnyt og aðrar hámys** eru mældar frá trjónu að byrjun sporðugga. Fiskar af **langhalaætt** eru mældir frá trjónu aftur að 1. geisla í raufarugga.

Nægilegt er að mæla **2-falt lengdarbilið** sem fiskurinn dreifist á að undanskilinni ýsu þar sem mælt er **3-falt lengdarbil**. Hjá tegundum sem ekki teljast nytjategundir nægir að mæla 20 fiska. Þeir fiskar sem ekki eru mældir skulu taldir.



Dæmi um mælingu skv. 2-földu lengdarbili: Ef samfelld lengdardreifing tegundar er á bilinu 21-100 cm, þá dreifist fiskurinn á 80 cm bil og þarf því 160 fiska til að mæla 2-falt lengdarbil. Ef afli er meiri en þessu nemur skal telja fiskinn sem umfram er.

Sýni í lengdarmælingu ber að taka á **tilviljunarkenndan hátt** þannig að lengdarmælingin endurspegli lengdardreifingu í aflanum. Sé lengdardreifing einnar tegundar mjög ójöfn, t.d. tiltölulega mikið af smáfiski miðað við stærri fisk, verður að gæta þess í sýnatöku, að **rétt hlutfall** fáiast þarna á milli í mælingunni.

Dæmi 1: Mikill afli og líkur á að ákveðnar stærðir fiska berist mælingamanni fyrst. Þá gæti verið best að dreifa lengdarmælingunni á aflann, t.d. þannig að 40% séu framkvæmd fyrst, 30% í miðju og 30% seint.

Dæmi 2: Mikið af 11-20 cm ýsuseiðum í afla en aðeins 20 ýsur stærri en 20 cm. Ákveðið að mæla u.þ.b. 10% af ýsuseiðunum. Þá má aðeins mæla 10% af stærri ýsunni einnig eða 2 ýsur.

FRAMKVÆMD TALNINGA:

Stórar talningar hafa mikil áhrif á niðurstöðurnar og mikilvægt er að þær séu framkvæmdar rétt. Oft er nauðsynlegt að taka úrtak úr aflanum og miða við ákveðnar einingar t.d. körfur eða trog. Fiskar í einni einingu eru taldir og síðan margfaldað með fjölda eininga.

Ef afli er mikill þarf að taka 2-3 úrtakssýni, t.d. í upphafi mælingar, þegar helmingur aflans er kominn úr fiskmóttöku og í lokin. Einnig má miða úrtakssýni við n-ta (t.d. tíunda) hvert trog. Margfalda síðan fjölda eininga með meðalfjölda þessara úrtakssýna.

Ef ekki er tekið úrtak heldur talið fisk fyrir fisk, skal að hámarki telja 100 fiska í einu, gefa innsláttarmanni fjöldann og byrja aftur á núlli. Forðast skal að telja tvær tegundir í einu og alls ekki telja fleiri en tvær.

Stórar talningar vekja stundum grunsemdir þegar unnið er úr gögnum. Því er mikilvægt að þær séu skráðar í talningabækur sem skulu geymdar með stöðvablöðum. Miða skal við að **skrá allar talningar yfir 100 fiskum á stöð** í talningabók.

LENGDARBILSHÁÐ TALNING:

Ef lengdardreifing tegundar er mjög ójöfn og nánast ómögulegt að hefðbundin lengdarmæling nái að endurspeglar lengdardreifingu aflans, þá er mögulegt í *Hafvog* að nota valmöguleikann **lengdarbilsháð talning**. Þessa aðferð skal aðeins nota í undantekningartilvikum.

Dæmi 2 að ofan um ýsuna: Mælt í það minnsta 2-falt lengdarbil af ýsuseiðum og síðan allar stærri ýsurnar. Öll talningin er þá á ýsuseiðum 11-20 cm. Í valmynd fyrir lengdarbilsháða talningu í *Hafvog* (undir Mælistöð) er valin tegund og lengdarbil talningarinnar (11-20 cm) skráð auk fjölda taldra. Velja síðan „Reikna“ og þá kemur fram útreiknaður fjöldi á hvern cm. Velja þá „Skrá í gagnagrunn“ og þá eru taldir fiskar skráðir sem mældir. Það verða því engar taldar ýsur skráðar á þeirri stöð sem þessi aðferð er notuð.

MIKILVÆGT: Ekki má skrá venjulega talningu á tegund (á sömu stöð) ef lengdarbilsháð talning er notuð.

Kyngreining í lengdarmælingu: Jafnframt lengdarmælingu skal á hverri stöð kyngreina eftirfarandi tegundir: **Hrognkelsi og allar skötur, háfa og hámys.**

Þá skal við lengdarmælingu á hverri stöð greina kyn og kynþroska **loðnu**, alls 20 fiska.


2.3.2 Lengdarmæling og talning annarra hópa

Skrá skal fjölda og/eða þyngd eftirfarandi hópa samkvæmt þessari töflu:

Hópur	Númer	Mæliaðgerð	Skráning
Humar og krabbar *		10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Smokkfiskar	44	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Beitusmokkur (kápulengd)	639	1 – Lengdarmæling	Lengd
Rækja	41	10 – Talning/þyngdarskráning	Þyngd
Brimbútur	199	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi / þyngd
Eggjaklasar steinbíts/hlýra – heill	904	3 – Kvörnun	Lengd / þyngd
Eggjaklasar steinbíts/hlýra - skemmdur	904	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Pétursskip (klakin eða óklakin)	90/91	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Hámúsategund	183	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Skötutegund	344	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Botnháfategund	345	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Sjávarspendýr	1001-1063	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi
Fuglar	1100-1171	10 – Talning/þyngdarskráning	Fjöldi

* T.d. gaddakrabbí, trjónukrabbí, skessukrabbí, sundkrabbí o.fl. tegundir.

Lengdarmæling á heilum eggjaklasa steinbíts/hlýra er á milli þeirra punkta sem gefa mesta lengd (sjá mynd). Algeng stærð á eggjaklasa steinbíts er um 15 cm í þvermál og gera má ráð fyrir að klasar hlýra séu ívið stærri. Í mars má búast við að eggjaklasar séu gráleitir þar sem þroskun lirlfanna er langt komin, og ekki er ólíklegt að sjá augu lirlfanna í eggjunum.



2.4 Kvarnasöfnun og vigtun

Kvarnasöfnun og vigtun beinist að um 20 tegundum. Fiskum í kvarnasýni skal **safna með tilviljunarkenndum hætti**. Ekki skal lengdarmæla fisk og taka síðan frá í kvörnun, þá er hann tvískráður.

Lágmarks- og hámarksfjöldi kvarnaðra fiska á hverri stöð og **söfnunartíðni** er mismunandi eftir tegundum (sjá töflu að neðan). Hjá **þorski** er tíðni mismunandi á N- og S-svæði. **Karfi >60 cm** er kvarnaður og skráður á tegund **184-Gullkarfi**.

Hrognkelsi: Á hverri stöð eru kvörnuð 1 grásleppa og 1 rauðmagi.

Nr	Tegund	Hámark / Lágmarksfj.	n. hver fiskur	Hrogn/svil ¹⁾					Fæðugreining	Athugasemdir
				Óslægt	Slægt	Lifur	Hrogn/svil ¹⁾	Fæðugreining		
1	Þorskur N	15/5	30	x	x	x	x	x	Fæðugr. max 10 stk.	
1	Þorskur S	15/5	7	x	x	x	x	x	Fæðugr. max 10 stk.	
2	Ýsa	10/1	30	x	x	x	x	x	Fæðugreining max 5 stk.	
3	Ufsi	10/3	3	x	x	x	x	x	Fæðugreining max 5 stk.	
5	Gullkarfi	10/1	20	x					Erfðasýni: V og SA svæði Tvö erfðasýni úr hverjum fisk Kyngreining og vigtun	
6	Langa	10/5	4	x	x	x	x			
7	Blálanga	10/1	4	x						
8	Keila	10/5	4	x	x	x	x			
9	Steinbitur	15/1	15	x	x	x	x			
13	Hlýri	10/1	5	x	x	x	x			
14	Skötuselur	Allir		x	x					
16	Háfur	(20/20)		x	x	x				
21	Lúða	10/10		x	x	x				
23	Skarkoli	15/5	5	x						
24	Þykkvalúra	5/3	20	x						
25	Langlúra	10/5	15	x						
26	Stórkjafra	5/5	15	x					Tvö erfðasýni úr hverjum fisk 1 hrygna + 1 hængur >60 cm	
27	Sandkoli	10/3	15	x						
28	Skrápflúra	1/1		x						
48	Hrognkelsi	2/1		x	x	x	x			
184	Gullkarfi	5/1	20	x						

¹⁾ Hrogn og svil vigtuð hjá öllum kynþroska fiskum (öllum grásleppum).

²⁾ Hrogn vigtuð hjá >49 cm þorski.

Mikilvægt er að fiskum til kvarnatöku sé safnað á **TILVILJUNARKENNDAN HÁTTI!**

Skjár vogar blikkar við n-ta hvern lengdarmældan fisk. Fiskurinn er tekinn frá til kvörnunar eða kvarnaður strax, en ekki lengdarmældur fyrr en við kvörnun.

Þegar kvarnað er skal í öllum tilfellum skrá lengd, kyn og kynþroska. Jafnframt skal vigta (í grömmum) og skrá eftirfarandi atriði (mismunandi eftir tegundum, sjá samantektartöflu að framan).

- Þyngd fisksins óslægt
- Þyngd fisksins slægt
- Þyngd lifrar

- Þyngd hroгна og svilja hjá kynþroska fiski og ókynþroska þorskhrygnum > 49 cm

Kynþroski er greindur skv. handbókinni „**Greiningar á tegundum, kynþroska og fæðu**“ og **leiðbeiningum á spjalddölvu**. Kynþroskagreining getur verið mismunandi milli ólíkra hópa fiska.

Mikilvægt er að rannsóknamenn á mismunandi vöktum og leiðangursstjóri beri reglulega saman bækur sínar ef vafi leikur á greiningu í kynþroskastig.

Kvarna skal alla fiska sem lenda í kvörnunarúrtaki. Smá fiska (sjá viðmið í töflu) sem lenda í kvörnun þarf þó aðeins að lengdarmæla og vigta óslægða, auk þess að kvarnir eru teknar. Undantekningar eru skrápflúra, sandkoli og skarkoli en smáir einstaklingar þessara þriggja tegunda fara í gegnum fulla kvörnun.

Númer	Tegund	Lengd
1	Þorskur	16
2	Ýsa	18
3	Ufsi	19
5	Gullkarfi	12
6	Langa	19
7	Blátanga	19
8	Keila	19
9	Steinbítur	25
13	Hlýri	25
21	Lúða	16
24	Þykkvalúra	13
25	Langlúra	13
26	Stórkjafra	13
48	Hrognkelsi	13

Nr. 9

Tegund..... 1

Staður..... TB1-2011-30


Dagsetn.....

Lengd..... 64 sm

Kyn..... 1 Kynþr. 2

Aldur.....

Þyngd..... kg

Aths..... 

Kvarnir **allra tegunda** eru settar í **kvarnapoka**. Til að tryggja tengingu kvarna og mælinga skal skrá á hvern kvarnapoka:

Númer fisks – tegund – leiðangur og stöð – lengd – kyn – kynþroski

Setja þarf kvarnir vel ofan í pokann því annars geta kvarnir brotnað þegar pokar eru stimplaðir í landi.

Kvarnapokar hvarrar tegundar eru festir saman með teygju (margar) eða bréfastemmu (fáar). Kvarnapokar allra tegunda á hverri stöð síðan festir saman með teygju sem beygli þó ekki kvarnapoka.

Kvarnapokar eru settir á þurran stað og síðan saman í kassa eða poka.

2.4.1 Kvarnasöfnun – allur aflinn mældur

Taka skal fyrsta fiskinn af hverri tegund frá til kvörnunar og síðan n -ta hvern fisk eftir það, t.d. 3. hvern ufsa. Hjá tegundum þar sem lágmarksfjöldi kvarnaðra fiska er meiri en einn, skal í upphafi meta hvort það lágmark muni nást miðað við að taka n -ta hvern fisk í kvörnun. Ef sú virðist ekki vera raunin þarf að taka lágmarksfjöldann frá af handahófi áður en lengdarmælingu lýkur.

Dæmi um kvarnasöfnun: Skarkoli: Lengdabilið reynist 30 cm, en 55 fiskar í halinu og því allir mældir (hámarksmæling = 60 fiskar). Fimmti hver skarkoli (20%) er tekinn frá til kvörnunar þ.e. $0.2 \times 55 = 11$ fiskar. Lágmarkskvörnun á fimm fiskum er því uppfyllt.

Annað dæmi: Þorskur: Lengdabilið reynist 30 cm, en 55 fiskar í halinu og því allir mældir (hámarksmæling = 60 fiskar). Þrítugasti hver þorskur (3%) er tekinn frá til kvörnunar við lengdarmælingu eða $0.03 \times 55 = 2$ þorskar. Fimm fiska kvarnalágmark er ekki uppfyllt og því teknir þrír þorskar í viðbót áður en lengdarmælingu lýkur.

2.4.2 Kvarnasöfnun – hluti aflans mældur

Þegar afli er það mikill að hann er ekki allur mældur, lítur dæmigerður vinnuferill við mælingu og kvörnun á þorski á Norðursvæði þannig út:

-
1. Lengdabilið reynist vera 70 cm og mæling því $2 \times 70 = 140$ fiskar.
 2. Tuttugasti hver fiskur (5%) er tekinn frá í kvörnun við lengdarmælingu $0.05 \times 140 = 7$ fiskar.
 3. Við talningu á því sem eftir er skal 20. hver fiskur tekinn til kvörnunar. Taldir fiskar reynast 400 og kvörnun úr því skal vera $0.05 \times 400 = 20$ fiskar.
 4. Reiknuð heildarkvörnun er því 27 fiskar, en þar sem hámarkskvörnun á stöð er 15 þorskar gildir það og afgangurinn, 12 fiskar, eru því skráðir sem taldir.
-

2.5 Fæðugreining

2.5.1 Tegundir og umfang

Magasýni úr þorski, ýsu og ufsa eru greind á sjó. Á hverri stöð skal greina magainnihald 10 fyrstu þorska og 5 fyrstu ýsa og ufsa sem kvarnaðir eru. Gæta skal að þeir fiskar endurspegli kvarnasýnið (ekki bara þeir stærstu eða minnstu).

2.5.2 Aðferðir og skráning fæðu

Best er að greina magasýni samhliða kvörnun og skrá jafnóðum með innsláttarforritinu *Hafvog*.

Við kvörnun spyr forritið um “Ástand maga” í lok aðgerða fyrir hvern fisk. Ástand maga er flokkað í fimm flokka:

1. Með fæðu
2. Tómur
3. Ældur
4. Ómelt leif
5. Úthverfur


Ef magi fisks er tómur eða úthverfur er gagnasöfnun fyrir viðkomandi fisk lokið og forritið biður um lengd næsta fisks í kvörnun.

Ef ástand maga er með fæðu, eða ældur þarf að greina fæðuna. Það er gert í beinu framhaldi af skráningu magástands. Ástand maga er aðeins skráð ‚ældur‘ ef öruggt er að eitthvað af fæðinni hafi tapast.

1. Magástand skráð (1 eða 3) og ýtt á **ENT**-hnappinn.
2. Fæðuhópur valinn með tegundanúmeri (sjá lista yfir fæðuhópa) og síðan staðfest með **ENT**-hnappnum. **Ef lengdarmæla á bráðina er það gert á þessu þrepi.**
3. **Ef lengdarmæla á bráðina** þá skal velja **F5** strax og fæðuhópur hefur verið valinn og er þá komið inn í lengdarmælingarham fyrir bráð. Þegar lengdarmælingu er lokið fyrir þessa ákveðnu bráð er **F8** notað til að komast til baka í fæðuhópinn.
4. Heildarfjöldi (þ.e. bæði lengdarmæld og ómæld bráð) er síðan skráður og staðfest með **ENT**-hnappnum.
5. Fæðuhópurinn settur á vogina og heildarþyngd staðfest með **ENT**-hnappnum. Síðan er næsti fæðuhópur valinn. Ef þyngd fæðuhóps er minn en 1 g skal áætla þyngd og handskrá gildið (þ.e. ekki nota **ENT**-hnappinn).
6. Þegar öll fæða hefur verið skráð er **F8** notað til að fara í næsta ránfisk. Mikilvægt er að enda fæðugreiningu alltaf á **F8** því annars geta allar mælingar á fiskinum tapast.

Við greiningu fæðu skal fylgja eftirfarandi:

- Hafna skal bráð sem **algerlega öruggt** er að étin hefur verið í trollinu, t.d. fæðudýr með lífsmarki. Önnur ómelt bráð gæti hafa verið étin skömmu áður en fiskurinn lenti í trollinu og telst því góð og gild.
- Fiskar skulu greindir til tegundar ef hægt er, annars eins nákvæmlega og menn treysta sér miðað við aðstæður. Fyrir hvern fæðuhóp skal telja fjölda fiska og vega.
- Nyttjafiska sem finnast í mögum (t.d. þorsk, ýsu, karfa, flatfiska, loðnu) skal lengdarmæla ef hægt er, að hámarki 30 fiska á stöð af hverri tegund. **Lengdarmælingar á fiskbráð eru skráðar í mm.** Við lengdarmælingu eru notuð mælibletti með 5 mm bilum.



- Rækjutegundirnar stóri kampalampi (*Pandalus borealis*), litli kampalampi (*Pandalus montaqui*) og ísrækja (*Hymenodora glacialis*) skulu greindar til tegundar ef hægt er og einnig leturhumar.
- Aðrir sjávarhryggleysingjar skulu greindir til hópa og rétt er þá að styðjast við lista yfir algengustu fæðuhópa.
- Listi yfir fæðuhópa er byggður á tegundanúmerum í gagnagrunni. Hægt er að nota örvatakka til að leita að fæðuhópnum í forritinu ef tegundanúmerið er ekki þekkt.
- **Plast sem finnst í mögum skal skrá í Hafvog undir tegundanúmerinu 998.**

Mögulegt er að fresta greiningu magasýnis eða greina fæðu til hliðar við kvarnasöfnun. Þá er mikilvægt að tengingin milli kvarnasýnis og magasýnis sé rétt. Tengiliðurinn er **stöðvanúmer**, **tegundanúmer** og **kvarnanúmer fisksins**, sem er hlaupandi númer á hverri stöð. Þegar fæðugreiningu er frestað skal kvarnanúmer fylgja magasýni þar til greiningu þess er lokið og tenging kvarnasýnis og magasýnis er tryggð.

Ef fresta á greiningu magasýna, þá er við kvörnun ýtt á **F8** eftir að magaástand hefur verið skráð og er þá beðið um lengd næsta fisks. Þetta gildir ef magaástand var skráð "1 Með fæðu" eða „3 Ældur“ annars þarf ekki að hugsa um sýnið frekar.

Þegar fæðusýnin eru greind er stöðin opnuð í *Hafvog* og mæliaðgerð **20-Fæðugreining** valin. Tegund og númer fisks (kvarnanúmer) er síðan gefið upp og fæðugreiningu haldið áfram eins og lýst er að framan.

2.6 Söfnun erfðasýna úr skötusel, stórkjöftu og keilu

Erfðasýnum skal safna úr öllum skötusel og stórkjöftu. Einnig skal safna erfðasýnum úr keilu á fyrirfram skilgreindum svæðum:

Svæði	Reitir	Skip	Fjöldi sýna
SA	412, 413, 462	Breki	50
V	374, 375, 376, 424, 425, 426	Breki	50
SA	310, 311, 360, 361, 410, 411	Þórunn Sveinsdóttir	50
NV	575, 576, 625	Árni Friðriksson / Þórunn Þórðardóttir	50

Fiskarnir fara í gegnum hefðbundið kvörnunarferli. Kvarnir eru settar í poka og upplýsingar um fiskinn skráðar á pokann og í *Hafvog* á hefðbundinn hátt. Auk þess skal slá inn **F4** á einhverju stigi í kvörnun til að skrá að erfðasýni hafi verið tekið.

Mikilvægt er að nota takkann 'F4' en ekki skrifa 'erfðasýni tekið' í dálkinn Athugasemd því annars er ekki hægt að flytja skráningu á milli gagnagrunna.

Leiðbeiningar:

- Við kvörnun: Skráið töku erfðasýnis með **F4** í *Hafvog*.
- Notið krók á tappa erfðatúpa til að taka sýni úr vöðva.
- Taka skal tvö sýni úr hverjum fisk (tvær túpur). Þó skal aðeins taka eitt sýni úr hverri keilu.
- Passið að loka túpunum vel.
- Setjið límmiða, sem fylgja með, á túpunar.
- Skráið stöð, tegund og númer fisks á eyðublað sem fylgir.
- Komið túpunum fyrir í bakka í frysti.



2.7 Skráning á drasli

Plasthlutir og annað drasl sem kemur í trollið eru skráð sem fjöldi og heildarþyngd (g) undir mæliaðgerð 40-Draslskráning í *Hafvog*.

Fyrst þarf að ákvarða hverjum af eftirfarandi 3 yfirflokkum draslið tilheyrir:

- **Veiðarfæri**
- **Sjávarútvegur (annað en veiðarfæri)**
- **Rusl (sem ekki er hægt að rekja með vissu til sjávarútvegs)**



T.d. eru bandspottar og netadræsur skráð undir 1 Veiðarfæri, en flöskur og dósir undir 3 Rusl.

Hverjum yfirflokki er skipt í nokkra undirflokk þar sem draslið er flokkað nánar. Ef draslið fellur ekki undir neinn skilgreindra undirflokk, skal skrá það sem undirflokk 99-Annað. Þegar 99-Annað er notað þarf að skrifa í talningabók hvers konar drasl var um að ræða, auk þyngdar.

Ef draslið er greinilega manggert, en ómögulegt er að greina nánar, skráist það í yfirflokk 3 Rusl og undirflokk 98-Ógreinanlegt.

Ekki skal skrá drasl sem rekja má til yfirstandandi leiðangurs. Þar er yfirleitt um að ræða bandspotta sem til falla vegna viðgerða á trolli eða brotnar flotkúlur.

Mikilvægt: Bæði skal skrá drasl sem kemur með fiski í fiskmóttöku, og drasl sem skipverjar fjarlægja úr trolli á dekki. Mikilvægt er að áhafnir fái kynningu á þessari skráningu í upphafi leiðangurs. Þyngd þeirra hluta sem eru of þungir eða fyrirferðamiklir til að flytja niður á millidekk, skal áætla og slá inn í *Hafvog* í **grömmum**.

2.8 Skráning gagna

Allar upplýsingar um tegund, lengd, fjölda talinna, kvörnun, kyngreiningu og vigtun og fæðugreiningu eru skráðar í tölvu með lykilorði sem tengt er við Marel sjóvog (*Hafvog* gagnasöfnunarforrit). Afrit af öllum gögnum er flutt yfir í tölvu leiðangurstjóra, sem bætir við stöðvaupplýsingum og athugar vel hvort allt sé með felldu varðandi gagnasöfnun.

2.9 Söfnun og frysting fiska

2.9.1 Óviss greining

ÖLL EINTÖK SEM ERFIÐ ERU Í GREININGU Á AÐ FRYSTA OG FÆRA Í LAND !

Af tegundum sem valda stundum ruglingi má nefna trjúnuhala og skötur, einkum tegundirnar **gráskata**, **hvítaskata**, **náskata** og **maríuskata**, og mjóra, einkum virðast **litli mjóri** og **fölvi mjóri** valda vandræðum. **Áttstrending** og **sexstrending** hefur einnig verið ruglað saman. Þá hefur **blettu**, **ljóskjöftu** og **rauðu sæveslu** verið ruglað saman (sjá næsta kafla).

Þegar notuð eru óljós heiti eins og **Mjónaætt** (84), **Mjóri** (85), **Sogfiskur ógr.** (92) eða álíka heiti, skal frysta eintökin.

Þegar greining er óljós er mikilvægt að frysta eintökin þannig að hægt sé að greina tegundirnar betur í landi. Þegar greining er óviss er einstaklingurinn skráður í *Hafvog* undir því tegundanúmeri sem er líkleg greining. Einstaklingurinn er síðan settur í poka, merkt TEGUND – LEIÐANGUR – STÖÐ

Þessir einstaklingar eru allir settir í kassa merktur „Leiðangur – Klara“.

2.9.2 Rauða sævesla, ljóskjafta eða bletta

Síðastliðinn áratug hefur tegundin ljóskjafta (nr. 562) fundist í vaxandi mæli suður og vestur af landinu.

Ljóskjöftu svipar nokkuð til rauðu sæveslu en hægt er að greina tegundirnar sundur á því að rauða sævesla er með 2 skeggþræði á snjaldri en ljóskjafta með 4 og til viðbótar við skeggþræði eru efri granir ljóskjöftu settar sepum eða kögri. Bletta (tegund nr. 203) hefur einnig verið að rugla greiningu þessara tegunda, en hún á að vera auðþekkt á sínu blettamynstri.

Til að staðfesta um hvaða tegund er að ræða, og til notkunar við kennslu, skal safna öllum fiskum þessara tegunda á **rannsóknaskipunum** og **Breka**.

Ólíklegra er að ljóskjafta og bletta finnist fyrir norðan og austan en þó er mælt með að rannsóknamenn á **rannsóknaskipunum** og **Þórunni Sveinsdóttur** skoði rauðar sæveslur og taki fiska frá sem gætu verið ljóskjafta eða bletta. Ekki greina fisk sem ljóskjöftu eða blettu án þessa að taka sýni.

Fiskar eru greindir til tegundar og lengdarmældir og slegnir inn í *Hafvog*, settir í poka merktum stöð og tegund. Fryst. Kassi merktur „Leiðangur – Klara“.



2.9.3 Söfnun á mjórum

Á svæði rannsóknaskipanna safna skal mjórum (dílamjóra, blettamjóra, fölva mjóra, hálfbera mjóra, litla mjóra og tvírakamjóra) að hámarki 10 einstaklingar af hverri tegund. Þeim má safna af sömu stöð eða fleiri stöðvum. Setja skal fiska af sömu tegund/stöð saman í einn poka, merkja með leiðangri og stöð og frysta. Safna skal öllum frystum einstaklingum í kassa merktur „Leiðangur – James“.

2.10 Mengunarsýni

2.10.1 Söfnun á þorski vegna mælinga á mengandi efnum (AMSUM)

Hafrannsóknastofnun tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um mælingar á mengun í Norður-Atlantshafi og er þessi gagnasöfnun liður í því starfi. Um er að ræða sýnatöku vegna mælinga á þungmálmum (t.d. kvikasilfri, blýi, kadmíni, sinki, kopar, selen og arsen) og þrávirkum lífrænum efnum (t.d. PCB og DDT).

Efnin eru í ákaflega lágum styrk í holdi og mikilvægt að forðast alla efnamengun sem gæti borist í holdið. Þess skal gætt að fiskurinn komist ekki í snertingu við óhreinindi. Athugið sérstaklega hvort einhver glussamengun er til staðar.

Sýnataka er áætluð með eftirfarandi hætti:

V-svæði	A-svæði	
Árni Friðriksson	Þórunn Sveinsdóttir	Lengd (cm)
25	25	30-45

Gagnasöfnun: Söfnunin má dreifast á fleiri en eina stöð en þarf að vera innan tilgreindra svæða.

Meðhöndlun sýna, þökkun og merking: Þess skal gætt að fiskurinn komist ekki í snertingu við glussaolíu eða nokkur önnur óhreinindi.

1. Fiskurinn er lengdarmældur, veginn óslægður og kyngreindur (hængur/hrygna).
2. Lifur er tekin úr og sett í 100 ml glerkrukku og krukku lokað vel. Athuga að krukkur eru sérstaklega þrifnar og mega því ekki standa opnar lengur en brún þörf krefur. Eftir að lifrar eru komnar í krukku mega þær ekki fara á hvolf þannig að lifrar komist í snertingu við lok. Athuga einnig að setja ekki merkimiða í krukku. Krukkur eru merktar og nægir að skrá númer krukkunnar á eyðublaðið við nr. sýnis.
3. Innyfli fisksins eru hreinsuð vel frá og þeim hent en fisknum komið fyrir í plastpoka merktum númeri krukku [eða númeri sýnis]. Meðfylgjandi eru litlir pokar með miða, sem skrifa má á og láta í pokann með hverjum fiski.
4. Á eyðublaði komi fram stöðvarnúmer auk númers krukku [eða númer sýnis]. Fyrir hvert sýni komi fram þyngd óslægðs fisks og kyn.
5. Sýnin eru fryst strax eftir stöð, bæði fiskurinn sjálfur svo og kassinn með lifrarkrukkunum.

Fiskum af sömu stöð má safna saman í plastpoka sem skal vera merktur skipi og stöðinni. Leggja skal fiskana þannig að þeir séu **beinstrekktir**.

2.10.2 Vöktun á óæskilegum efnum í matfiski

Mátis sér um verkefni sem lýtur að því að meta styrk mengunarefna í ætilegum hluta sjávarfangs, m.a. til að geta sýnt fram á öryggi og heilnæmi íslenskra sjávarafurða. Efni sem mæld verða eru m.a. þungmálmur, díoxín og PCB efni, lífræn tinsambönd og fjöldi varnarefna (skordýraeitur og plöntueitur). Tafla hér fyrir neðan er yfir þau sýni sem óskað er eftir.

Efnin eru í ákaflega lágum styrk í holdi og mikilvægt að forðast alla efnamengun sem gæti borist í holdið. Þess skal gætt að fiskurinn komist ekki í snertingu við óhreinindi. Athugið sérstaklega hvort einhver glussamengun er til staðar.

1. Fiskur er blóðgaður þegar við á en ekki þarf að slægja (fyrir utan eitt sýni þar sem þorskar eru frystir slægðir og lifrum úr sömu fiskum safnað í glerkrukkur).
2. Hver fiskur er settur sér í plastpoka.
3. Merkimiði með eftirfarandi upplýsingum er settur í lítinn plastpoka, sem komið er fyrir í plastpokanum með fiskinum.

Tegund – leiðangur – stöðvarnúmer - stærðarflokkur - nr. fisks

4. Hvert sýni (yfirleitt 10 fiskar) er svo látið í sér kassa og kassinn merktur. ATH ef EKKI fást 10 fiskar af sömu stöð er mikilvægt að allir 10 fiskarnir komi af sama svæði/fiskimiðum. Nauðsynlegt er að tilgreina stöðvarnúmer fyrir hvern einstakling
5. Að lokum er allt sýnið fryst sem fyrst.

Tegund	Svæði	Skip	Fjöldi	Stærðarbil (cm)
Þorskur (slægður)	V eða NV	Árni Friðriksson	10	60-70
Þorsklifur	-	Árni Friðriksson	10	-
Steinbítur	V	Árni Friðriksson	10	50-60
Langa	V eða NV	Árni Friðriksson	10	Á sem jöfnustu bili
Þorskur	A eða NA	Þórunn Sveinsdóttir	10	50-60
Ufsi	A eða NA	Þórunn Sveinsdóttir	10	60-70
Keila	V eða NV	Þórunn Þórðardóttir	10	40-50
Ýsa	N	Þórunn Þórðardóttir	10	50-60
Gullkarfi	N	Þórunn Þórðardóttir	10	30-40

3 Upplýsingar um stöð

3.1 Stöðvaupplýsingin

Efri hluti stöðvablaðs, þ.e. upplýsingar um tog og umhverfisþætti, fyllist út af skipstjóra og 1. stýrimanni í samráði við leiðangurstjóra. Allar athugasemdir um viðkomandi stöð skal skrá á stöðvablað og slá inn í athugasemdadálk á stöðvablaði í *Hafvog*. Athugasemdir við gagnasöfnun, skal skrá í athugasemdadálk í *Hafvog*. Hluti upplýsinganna er skráð sjálfvirkt með forritinu *Hafriti* sem tengdur er um borð í rannsóknaskipunum. Skipstjóri/1. stýrimaður skrá í *Hafrita* þegar tog hefst og því lýkur. Leiðangurstjóri sér um að flytja upplýsingar úr *Hafrita* yfir í *Hafvog* þegar upplýsingar eru skráðar fyrir hverja stöð.

Skráning á heildarafla. Heildarafla skal áætlaður í hverju togi í kg, t.d. 50, 100, 200, 300, 500, 1000, 1500, 2000, 3000 kg o.s.frv. Þetta er best að gera á dekki eða í fiskmóttöku á togurum en á rannsóknaskipunum er allur afli vigtaður í trogvog fyrir flokkun. Áætlaður heildarafla stöðvarinnar er skráður í talningabók. Taka þarf fram ef stór hluti aflans er eitthvað sem ekki er mælt, t.d. botndýr eða möl.

Leiðangurstjóri ber áætlaðan heildarafla saman við útreiknaðan afla í *Hafvog* skv. stöðvablaði. Þessi samanburður er hluti af "Gæðaeftirliti leiðangurstjóra" (sjá kafla 3.6).

Efri hluti stöðvablaðs og dæmi um útfyllingu:

Leið. eink.	Ár	Stöð	Sk. Skr.nr.	Vindátt	Lofthiti ^o	Sirtili
TB1	2015	25	1278	05	2	
Dags. / mán.				Vindhraði	Botnhiti ^o	Sonda
10/3				10	2,3	
Reitur	Smár.	Top. nr.	Sjór		Yfirborðshiti ^o	DST
666	1	1	4		2,5	C6427
	Skif	Fjarðareitur	Veður		Hiti á togdýpi ^o	
			1			
Veifarferi nr.	Möskvastærð	Gmð. lengd fm.	Ský		Sjónnýpi (m)	
73	40	35	5			
Kennitala veifar.	Heildarafla		Loftvog		Ís	
12	700		998			
Kastað	N. br.	V. la.	Hift		N. br.	V. la.
	66°45'73	16°47'30			66°49'71	16°45'85
	Kl.	Togstefna ^o			Kl.	Virði (fm)
	12:45	5			13:48	200
	Botndýpi (m)	Togdýpi (m)			Botndýpi (m)	Togdýpi (m)
	110				126	
	Lóðrétt opnun (m)	Hlerabil (m.)			Toglengd (sjm)	Togtími (mín)
	2,4	85			4	Toghraði (sjm)
						3,8

3.2 Togupplýsingar

Fyrir hvert tog (stöð) skal fylla út eitt stöðvablað. Þar skal færa inn **leiðangurseinkenni** (t.d. TB1 þ.e. togarinn Breki, fyrsti leiðangur á viðkomandi ári), **ártal**, **stöð** sem er hlaupandi númer, **skipaskrárnúmer** viðkomandi skips og **dagsetningu**. Enn fremur skal skrá **númer reits** (tilkynningaskyldureits), sem togið er í og **smáreit**, þá **tognúmer** sem er fast stöðvarnúmer innan hvers reits (sjá stöðvalista og stöðvakort). Sérstaklega skal hafa í huga að smáreitur hvers togs hefur verið ákvarðaður, sbr. stöðvalista, og skal skráður á stöðvablað samkvæmt því. Skrá skal **númer veiðarfæris** (73, sbr. teikningu), **möskvastærð** (40 mm), **grandaralengd** (35 eða 45 fm) og **kennitölu veiðarfæris**.

Skrá skal **staðsetningu** í lengd og breidd (í gráðum, mínútum og broti úr mínútu), skv. staðarákvörðun GPS, **dýpi** í metrum og **tíma** (klukkan, 4 stafa tala) við **upphaf og endi** togs. Tog byrjar þegar varpan er komin í botn og endar þegar hífing hefst. Skrá skal **togstefnuna** í gráðum, enn fremur **vír úti** (fm). **Toghraði** og **toglengd** skulu skráð og miðast við útreikninga GPS. **Lóðréttá opnun** vörpunnar og **hlerabil** (meðaltölu á toginu) skal skrá í metrum, skv. upplýsingum frá veiðarfæranemum.

Ef ekki næst að taka fullt tog, s.s. vegna festu eða annarra þátta, skal skilmerkilega skrá ástæðu þess, þ.m.t. staðsetningu á festu.

3.3 Umhverfispættir

Upplýsingar um veðurfar og umhverfispætti skal skrá skv. eftirfarandi:

1. **Vindhraði**, er skráður í **m/sek**. Ef vindmælir er um borð þarf að fylgjast með honum í nokkrar mínútur, þar sem vindhraðinn er aldrei jafn heldur flóktir stöðugt í kringum eitt hvert meðaltal.

2. **Vindátt**, skrá skal aðaláttir skv. meðfylgjandi töflu.

Logn	00	SA	14	V	27
NNA	02	SSA	16	VNV	29
NA	05	S	18	NV	32
ANA	07	SSV	20	NNV	34
A	09	SV	23	N	36
ASA	11	VSV	25	Br. átt	99

3. Veður, ský, sjór og hafís.

	Veður	Skýjamagn	Hafís	Sjór	Ölduhæð (m)
0	Heiðskírt	Engin ský	Enginn ís	Ládautt	0
1	Skýjað	1/8 eða minna en ekki 0	Ís í nánd, sést vel með berum augum eða í ratsjá, en ekki greint hvers konar ís	Gráð	0 - 0,1
2	Alskýjað	1/8	Nokkrir borgarísjakar ≤ 10	Sjólítið	0,1 - 0,5
3	Sandfok, moldrok, skafrenningur	2/8	Margir borgarísjakar > 10	Dálíttill sjór	0,5 - 1,25
4	Þoka eða dimmt mistur	3/8	Mjög gisin eða gisin hafísbreiða. 6/10 eða minna að þéttleika í meira en 1 sjm. fjarlægð frá stöð	Talsverður sjór	1,25 - 2,5
5	Úði	4/8	Þétt eða mjög þétt hafísbreiða meira en 6/10 að þéttleika við stöð eða innan við 1 sjm frá stöð	Allmikill sjór	2,5 - 4
6	Rigning	5/8	Mjög gisin eða gisin hafísbreiða. 6/10 eða minna að þéttleika við stöð eða innan við 1 sjm frá stöð	Mikill sjór	4 - 6
